



Alþingi

Erindi nr. P 139/676

komudagur 3.12.2010

Landsvirkjun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 03.12.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, þskj. 130 – 121. mál

Að beiðni umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, þskj. 130 – 121. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.

Landsvirkjun fagnar framkomnu frumvarpi og telur efni þess styrkja í sessi frumstoðir íslensks upplýsingasamfélags. Það er mat Landsvirkjunar að frumvarpið, ef það verður að lögum, hvetji til og hraði allri vinnu við að uppfæra úr sér gengin gögn, sem stundum liggja til grundvallar við markalínur stjórnsýslueininga og jarðamörk. Það er jákvætt. Landsvirkjun gerir að öðru leyti ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

